

Skilyrði aukauppgjörð er að útskattur á því tímabili sem beiðni um aukauppgjör tekur til nemi minna en tveim þriðju hlutum innskatts á tímabilinu.

Hvert aukauppgjörstímabil tekur til tveggja eða fjögurra almanaksmánaða talið frá upphafi yfirstandandi sex mánaða uppgjörstímabils eða lokum fyrra aukauppgjörstímabils. Gera skal upp útskatt og innskatt vegna viðskipta á aukauppgjörstímabilinu eins og um reglulegt uppgjör væri að ræða.

Um innheimtu á vangoldnum virðisaukaskatti.

10. gr.

Til að tryggja sem best virðisaukaskattskröfu ríkissjóðs skal innheimtumaður hefja innheimtuaðgerðir, þ.m.t. lokunaraðgerðir skv. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988, í síðasta lagi 30 dögum eftir að skattstjóri, eftir atvikum ríkisskattstjóri, hefur ákvarðað virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils eða endurákvarðað gjaldanda virðisaukaskatt vegna fyrrri tímabila.

Ef ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð er til meðferðar hjá ríkisskattaneftnd getur innheimtumaður frestað lokunaraðgerðum, enda bjóði skuldari fram sjálfskuldarábyrgð banka eða sparisjóðs, er innheimtumaður metur fullnægjandi, til tryggingar virðisaukaskatts-skuldinni, álagi, dráttarvöxtum og öllum innheimtukostnaði.

Staðfesti ríkisskattaneftnd úrskurð skattstjóra að öllu leyti eða að hluta skal innheimtumaður ganga að bankaábyrgð skv. 2. mgr., nema aðili greiði að fullu skattkröfu ríkissjóðs. Beri gjaldandi ágreininginn undir dómstóla getur innheimtumaður þó samþykkt nýja bankaábyrgð þar til endanlegur dómur hefur gengið í málinu.

Refsiákvæði.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum 4. eða 5. gr. reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Gildistaka o.fl.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett er með stöð í 24. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 47. gr. laganna, og öðlast gildi 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um frádrátt virðisaukaskatts.

I. KAFLI

Óheimill frádráttur.

1. gr.

Til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mötuneyti skattaðila og hvers konar fæðis kaup hans. Þó er heimilt, að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar, að telja til innskatts virðisaukaskatt

af þeim hluta byggingar sem nýttur er undir kaffistofu eða mötuneyti, svo og af múr- og naglföstum innréttingum í þeim hluta byggingar. Hins vegar er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af lausum innréttingum, húsgögnum, tækjum og áhöldum til nota í kaffistofu eða mötuneyti til innskatts.

Selji skattaðili starfsmönnum fæði telst virðisaukaskattur af hráefni, orku og aðkeyptri þjónustu í því sambandi til innskatts eftir almennum reglum.

2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þótt aðili noti húsnæðið einnig vegna atvinnu sinnar.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir. Til innskatts má þó telja virðisaukaskatt af innkaupum verðlítills smávarnings sem bersýnilega er ætlaður til notkunar í auglýsingaskyni.
6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða, þ.m.t. skutbifreiða (station) og jeppabifreiða, fyrir færri en níu menn, enda hafi aðili ekki með höndum sölu eða leigu bifreiða þessara.

II. KAFLI

Frádráttur að hluta.

2. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til innkaupa sem varða að hluta, en ekki eingöngu, sölu skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu.

Blönduð not.

3. gr.

Aðili, sem hefur með höndum starfsemi sem er að hluta virðisaukaskattsskyld en að hluta undanþegin skattskyldu, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1988, getur talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur á kaup hans á vörum og þjónustu, eftir því sem nánar er ákveðið í 4.–5. gr. reglugerðar þessarar, sbr. þó sérreglur um ýmis innkaup í 7.–9. gr.

4. gr.

Heimilt er að telja að fullu til innskatts virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem eingöngu er keypt til nota við hinn skattskylda hluta starfseminnar, sbr. þó 1. gr.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem eingöngu varðar hinn skattfrjálsa hluta starfseminnar.

5. gr.

Virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum og þjónustu, sem keypt er til nota bæði vegna skattskylds þáttar starfseminnar og skattfrjáls þáttar (blönduð not), er heimilt að telja til innskatts í sama hlutfalli og skattskyld sala (án virðisaukaskatts) hvers reikningsárs er af heildarveltu ársins.

Innan hvers reikningsárs má nota hlutfallstölu næstliðins reikningsárs við útreikning innskatts. Við skil af síðasta tímabili hvers árs skal fara fram afstemming á innskattsfrádrætti liðins árs. Á fyrsta ári virðisaukaskattsskyldrar starfsemi skal hlutfallstalan reiknuð til bráðabirgða fyrir hvert einstakt uppgjörstímabil, en endanlegt uppgjör fari fram við skil af síðasta tímabili ársins.

Ríkisskattstjóri gefur út sérstök eyðublöð sem nota skal við afstemmingu skv. 2. mgr.

Eigin not.

6. gr.

Nú varða innkaup skattaðila bæði sölu hans á skattskyldum vörum og þjónustu og einkanot eða önnur not sem ekki varða skattskyldan rekstur, og má þá telja virðisaukaskatt af slíkum innkaupum til innskatts að því leyti sem þau teljast varða hinn skattskylda rekstur.

Skattstjóri skal taka mið af þeim reglum og þeirri framkvæmd sem mótast hafa við tekjuskattálagningu þegar hann leggur mat á hvort innkaupum sé réttilega skipt milli skattskylds rekstrar og einkanota.

Sérreglur um fasteignir og vöruflutningabifreiðar.

7. gr.

Virðisaukaskattur af byggingu húsnæðis, sem bæði er ætlað til nota fyrir skattskyldan rekstur og til annarra þarfa, telst til innskatts í sama hlutfalli og byggingarkostnaður þess hluta húsnæðisins sem byggt er til nota fyrir skattskyldan rekstur er af heildarbyggingarkostnaði fasteignarinnar. Sama gildir um viðbyggingar. Ef gæði húsnæðis, sem nýtt er á mismunandi hátt, eru sambærileg, má miða skiptingu skattsins við flatarmál einstakra byggingarhluta.

Húsnæði, sem leigt er út, telst ekki notað fyrir skattskyldan rekstur nema leigusali hafi skráð sig frjálstri skráningu skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988. Um íbúðarhúsnæði fer skv. 2. tölul. 1. gr. reglugerðar þessarar.

Virðisaukaskatt vegna vinnu við endurbætur, viðgerðir og viðhald þess húsnæðis sem um ræðir í 1. mgr. má telja til innskatts að því leyti sem þessi vinna varðar beinlínis þann hluta húsnæðis sem notaður er fyrir skattskyldan rekstur. Skilyrði er að seljandi vinnu eða þjónustu taki fram á söluveikningi sínum við hvaða hluta húsnæðis hafi verið unnið.

Varði vinna við endurbætur, viðgerðir og viðhald ekki beinlínis ákveðinn hluta húsnæðis, t.d. ef unnið er utanhúss eða við sameiginlegt lagnakerfi, má reikna virðisaukaskatt af henni til innskatts í sama hlutfalli og flatarmál þess hluta eignar sem notuð er vegna skattskyldrar starfsemi er af heildarflatarmáli eignarinnar.

8. gr.

Ákvæði 2.–6. gr. reglugerðar þessarar gilda um útreikning innskatts vegna lagna, viðgerða og viðhalds annarra fasteigna en húsbygginga, svo sem lóða og hafna.

9. gr.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar eða leigu vöruflutninga- og sendiferðabifreiða með leyfilegum heildarþunga undir þremur og hálfu tonni, nema bifreiðar þessar séu eingöngu notaðar vegna sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu.

Ákvæði 2.–6. gr. gilda um útreikning innskatts vegna reksturs þeirra bifreiða sem um ræðir í 1. mgr.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

10. gr.

Sala eða afhending véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna telst að fullu til skattskyldrar veltu aðila þótt hann hafi aðeins fengið virðisaukaskatt vegna öflunar þeirra frádreginn sem innskatt að hluta.

Sala bifreiða telst ekki til skattskyldrar veltu í þeim tilvikum þegar ekki má telja virðisaukaskatt vegna kaupa þeirra til innskatts, sbr. 6. tölul. 1. gr. og 9. gr.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 47. gr. laganna, og öðlast gildi 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ**um sjóðvélar.**

1. gr.

Sjóðvélar sem smásöluaðilar nota við tekjuskráningu sína samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 501/1989, skulu að lágmarki vera með eftirfarandi búnaði:

- a. Ytri strimli, þ.e. kassakvittun viðskiptamanns. Strimillinn skal sýna sundurgreiningu viðskiptanna og dagsetningu.
- b. Innri strimli sem á lesanlegan hátt sýni hverja innstimplun.
- c. Sérstökum dagsöluteljara sem sýni sölu hvers dags ásamt dagsetningu og hve oft hann hefur verið endurstilltur.
- d. Sérstökum uppsöfnunarteljara sem sýni þá heildarfjárhæð sem skráð hefur verið í vélina (grand total).

Óheimilt er að endurstilla uppsöfnunarteljara, sbr. d-lið 1. mgr., nema skráningarrými hans hafi verið nýtt að fullu eða vegna viðgerðar og viðhalds á vélinni. Við endurstillingu skal skrá stöðu teljarans ásamt dagsetningu. Upplýsingar þessar skulu staðfestar af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgðarmanni og geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

Séu sjóðvélar samtengdar eða tengdar tölvum sem liður í víðtækara skráningar- eða bókhaldskerfi skal ætíð liggja fyrir nákvæm lýsing á skipulagi kerfisins. Slíkt skráningarkerfi verður að veita þær upplýsingar um sölu hvers dags og heildarsölu er um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Notkun sjóðvéla, sem hægt er að nota sjálfstætt sem reiknivélar, án þess að skráning eigi sér stað um leið, er óheimil.

2. gr.

Sjóðtalningu og samanburð við sjóðreikning skal gera daglega.

Til sönnunar á færslu á daglegri sölu í sjóðbók skal nota dagsetta áritaða strimla úr sjóðvél, sbr. c-lið 1. mgr. 1. gr., sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 501/1989.

Innri strimil úr sjóðvél, sbr. b-lið 1. mgr. 1. gr., ber að varðveita sérstaklega á sama hátt og önnur bókhaldsgögn.

Fylgiskjöl fyrir sölu hvers dags skulu árituð af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgum starfsmanni og geymd eins og önnur bókhaldsgögn.

3. gr.

Þeir sem fást við sölu sjóðvéla skulu mánaðarlega tilkynna ríkisskattstjóra um þær vélar sem seldar hafa verið í mánuðinum. Í tilkynningu skulu koma fram nöfn kaupenda, kennitölur og heimilisföng, auk upplýsinga um tegund og verksmiðjunúmer seldra sjóðvéla.